



Reykjavík, 13. júní 2024
MSS22110176

Mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð

Saman gegn ofbeldi 10 ára 2025

Borgarstjórn Reykjavíkur samþykkti vorið 2014 að fara í átak gegn heimilisofbeldi í samstarfi við Lögregluna á höfuðborgarsvæðinu, Kvennaathvarfið og Heilsugæsluna á höfuðborgarsvæðinu. Samstarfinu var ætlað að tryggja öryggi borgarbúa á heimilum sínum, veita þolendum og gerendum betri þjónustu og bæta stöðu barna sem búa við heimilisofbeldi.

Verkefnið hófst í byrjun árs 2015 og var upphaflega tilraunaverkefni en hefur nú fest sig í sessi. Borgaryfirvöld hafa frá upphafi sýnt verkefninu mikinn velvilja sem veita árlega fjármunum til þess en einnig nýtur það stuðnings borgarfulltrúa við alls konar tækifæri en borgaryfirvöld í Reykjavík hafa lagt sérstaka áherslu á vinnu gegn ofbeldi.

Verkefninu er stýrt af verkefnisstjórn sem í eiga sæti einn borgarfulltrúi sem stýrir vinnu verkefnisstjórnarinnar, einn fulltrúi frá Kvennaathvarfinu, tveir fulltrúar frá Lögreglunni, einn frá velferðarsviði, einn frá barnavernd Reykjavíkur, einn frá mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu, einn frá Heilsugæslunni á höfuðborgarsvæðinu og einn frá Sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu en embættið hóf þátttöku í verkefninu í janúar 2020.

Umsjón verkefnisins er á höndum mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu og starfar verkefnisstjóri þess þar. Í þessu verkefni hefur mannréttindastefna Reykjavíkurborgar verið höfð að leiðarljósi og hefur verið litið til þeirra hópa sem hún tekur til.

Verkefnið heyrir undir mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð Reykjavíkurborgar.

Á næsta ári verður Saman gegn ofbeldi 10 ára og hefur á þessum árum margt áunnist og margvíslegar breytingar orðið. Af því tilefni er rétt að skoða hvort ekki eigi, með einhverjum hætti, að vekja athygli á og fagna því sem hefur áunnist en um leið horfa til framtíðar.

Óskað er því eftir að umræða fari fram á fundi mannréttinda- og ofbeldisvarnarráðs um 10 ára afmæli verkefnisins Saman gegn ofbeldi.

Virðingarfyllst,
Halldóra Dýrleifar Gunnarsdóttir
Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa
Miðlæg stjórnarsýsla